

Borgarráð Reykjavíkur
b.t. Skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

15. júlí 2019.

BORGARRÁÐ 4. júlí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greiðslu í hússjóð hjá Félagsbústöðum R19070047

Óskað er eftir upplýsingum um gjald sem leigjendur Félagsbústaða eru látnir greiða í hússjóð og þjónustugjald á mánuði og fyrir hvað verið er að greiða nákvæmlega með gjaldinu. Óskað er upplýsinga um alla hússjóði sé mikill munur á þessu gjaldi milli sjóða.

Svar: Annars vegar innheimta Félagsbústaðir mánaðarlega samkvæmt leigusamningum sérstök þjónustugjöld meðal íbúa í þjónustuíbúðum aldraðra. Þjónustugjöldin eru greiðsla vegna ýmis konar þjónustu sem íbúar njóta eins og t.d. sólahringsvakt. Gjaldið fylgir gjaldskrá Reykjavíkurborgar og er sem hér segir:


lýsing	skýring	eining	verð
Langahlíð, Furugerði, Norðurbrún, Dalbraut, Lindargata og Seljahlíð	Einstaklingur	mánuði	12.665
Langahlíð, Furugerði, Norðurbrún, Dalbraut, Lindargata og Seljahlíð	Hjón	mánuði	16.465
Seljahlíð parhús	öryggishnappur	mánuði	3.325

Hins vegar eru innheimt mánaðarlega hússjóðsgjöld til að standa straum af sameiginlegum kostnaði í fjölbýlishúsum, sbr. lög um fjöleignahús nr. 26/1994 og húsaleigulög nr. 36/1994.

Félagsbústaðir eiga bæði stakar íbúðir og heil fjölbýlishús. Húsfélög, þar sem Félagsbústaðir eiga stakar íbúðir, senda Félagsbústöðum reikning mánaðarlega og eru gjöldin ákveðin af stjórnnum húsfélaganna. Félagsbústaðir endurkrefja leigjendur um þeirra hlut í húsfélagsgjöldum vegna almenns reksturs sameignar; þrifa, hita, rafmagns, umhirðu lóðar, snjómoksturs og endurvinnslu. Hússjóðsgjöld í fjölbýlishúsum sem eingöngu eru í eigu Félagsbústaða eru ákvörðuð með hliðsjón af rekstrarkostnaði liðins árs. Mánaðargjöldin eru á bilinu 8-17 þúsund kr. Leigjendur greiða fyrir sama kostnað og er talinn upp hér að ofan.

Fasteignatryggingar, framkvæmdagjöld og annan kostnað eigenda fasteigna greiða Félagsbústaðir.

Virðingarfyllt,



Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri.